



# UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM STAÐLAÐ FRAMSETNINGARFORM FYRIR GJALDAYFIRLIT OG  
GJALDSKRÁ OG STAÐLAÐA HUGTAKANOTKUN YFIR ALGENGUSTU TEGUNDIR ÞJÓNUSTU  
SEM TENGJAST GREIÐSLUREIKNINGUM



# UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM STAÐLAÐ FRAMSET-  
NINGARFORM FYRIR GJALDAYFIRLIT OG  
GJALDSKRÁ OG STAÐLAÐA HUGTAKANOTKUN  
YFIR ALGENGUSTU TEGUNDIR ÞJÓNUSTU SEM  
TENGGJAST GREIÐSLUREIKNINGUM

2022 nr. 17

## Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 9. desember nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), [www.fme.is](http://www.fme.is).

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að reglum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á framangreindri vefsíðu með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [skjalasafn@sedlabanki.is](mailto:skjalasafn@sedlabanki.is).

# REGLUR

## um staðlað framsetningarform fyrir gjaldyfirlit og gjaldskrá og staðlaða hugtakanotkun yfir algengustu tegundir þjónustu sem tengjast greiðslureikningum.

### 1. gr.

#### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um gjaldskrá, hugtakalista og gjaldyfirlit sem greiðsluþjónustuveitandi skal láta neytanda í té samkvæmt 3. og 4. gr. laga nr. xx/2022, um greiðslureikninga.

### 2. gr.

#### *Hugtakalisti og gjaldskrá.*

Samkvæmt 3. gr. laga nr. xx/2022, um greiðslureikninga, skal greiðsluþjónustuveitandi láta neytanda í té gjaldskrá á pappír eða öðrum varanlegum miðli, þar sem fram koma stöðluð hugtök yfir algengustu tegundir þjónustu sem tengjast greiðslureikningi og tilsvaramandi gjöld fyrir hverja þjónustu sem greiðsluþjónustuveitandi býður. Reglur þessar eru settar til að innleiða reglugerðir (ESB) sem mæla fyrir um framsetningarform fyrir slíka gjaldskrá og sameiginlegt tákn þess sem og staðlaða hugtakanotkun Evrópusambandsins yfir algengustu tegundir þjónustu sem tengjast greiðslureikningum.

### 3. gr.

#### *Gjaldyfirlit.*

Samkvæmt 4. gr. laga nr. xx/2022, um greiðslureikninga, skal greiðsluþjónustuveitandi, a.m.k. einu sinni á ári og án endurgjalds, láta neytanda í té yfirlit yfir öll gjöld sem stofnað hefur verið til með notkun greiðslureiknings. Reglur þessar eru settar til að innleiða reglugerðir (ESB) að því er varðar staðlað framsetningarform fyrir slíkt gjaldyfirlit og sameiginlegt tákn þess.

### 4. gr.

#### *Innleiðing reglugerða (ESB).*

Með vísan til 2. og 3. gr. öðlast gildi hér á landi eftirfarandi reglugerðir:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/32 frá 28. september 2017, um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/92/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um staðlaða hugtakanotkun Sambandsins yfir dæmigerðustu tegundir þjónustu sem tengjast greiðslureikningum, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2021 frá 11. júní 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins [nr. 18. frá 17. mars 2022, bls. 660-682](#).
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/33 frá 28. september 2017, um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar staðlað framsetningarform fyrir gjaldyfirlitið og sameiginlegt tákn þess samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/92/ESB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2021 frá 11. júní 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins [nr. 18. frá 17. mars 2022, bls. 683-693](#).
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/34 frá 28. september 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar staðlað framsetningarsnið fyrir gjaldskrána og sameiginlegt tákn þess samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/92/ESB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2021 frá 11. júní 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins [nr. 18. frá 17. mars 2022, bls. 694-701](#).

5. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 5. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr. laga nr. xx//2022, um greiðslu-  
reikninga, öðlast gildi 1. janúar 2023.